FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Blaðsíða 3
Bullandi uppgangur á norðursvæðinu

Blaðsíða 6
Margir orlofskostir í boði

Blaðsíða 13
Forsetateymi ASÍ á ferðinni

21 tbl. 32. árgangur • Mars 2021

Ferðumst innanlands

Ferðaávísanir komnar í sölu

Forsíða

Elva Björk Óskarsdóttir og Ívar Sigþórsson sem eru virkir félagar í Björgunarsveitinni Pólstjörnunni á Raufarhöfn prýða forsíðu Fréttabréfsins að þessu sinni.

ÚTGEFENDUR
Þingiðn, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI
464 6600

NETFANG
kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA
www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR
Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað 19. mars 2021

UPPLAG
1800

PRENTUN
Héraðsprent

Stéttarfélögin; Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélag Húsavíkur hafa stóraukið aðgengi félagsmanna að gistingu víða um land með samningi við fjölmörg ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi. Þannig vilja stéttarfélögin efla innlenda ferðaþjónustu á þessum sérstöku tímum. Fyrirtækið Dorado hefur verið í forsvari í málinu fh. stéttarfélaganna. Nú geta félagsmenn stéttarfélaganna farið inn á orlofsvef félaganna sem er til staðar á framsyn.is. Í boði er að kaupa ferðaávísun sem er inneign, sem félagsmenn geta notað til að greiða fyrir gistingu hjá einhverjum af fjölmörgum samstarfsaðilum stéttarfélaganna. Félagsmenn eru ekki skuldbundnir til að nota ávísunina á tilteknu hóteli/gistiheimili, eftir að hún hefur verið keypt. Upphæðina geta menn notað hjá hvaða samstarfsaðila okkar sem er. Nota þarf rafræn skilríki eða íslykil. Þegar innskráningu er lokið velur viðkomandi félagsmaður „FERÐAÁVÍSUN" og „Kaupa ferðaávísun". Þar inni geta menn síðan skoðað úrvalið og keypt ferðaávísun með því að smella á þrjú strik efst í vinstra horni. ATHUGIÐ! Nauðsynlegt er að kanna hvort það séu laus herbergi á réttum tíma og réttum stað og bóka gistingu.

Stéttarfélögin ábyrgast ekki að gistirými sé laust þegar félagsmaður hyggst nota ávísunina. Handhafi ávísunar þarf sjálfur að bóka herbergi og gangast undir bókunarskilmála hvers samstarfsaðila. Komi upp ágreiningur vegna veittrar þjónustu skal beina því erindi til viðkomandi samstarfsaðila. Seljandi ferðaávísunar ábyrgist ekki gæði þjónustu samstarfsaðilanna. Niðurgreiðsla til félagsmanna nemur 20% þó að hámarki kr. 15.000 á árinu 2021. Niðurgreiðslan verður svo endurskoðuð um næstu áramót þegar reynsla verður komin á þessar nýjungar sem fjölmargir félagsmenn eiga örugglega eftir að nýta sér. Nánari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Góð verkefnastaða hjá iðnaðarmönnum

Almennt hefur verkefnastaðan hjá iðnaðarmönnum í Þingeyjarsýslum verið með miklum ágætum enda töluvert um nýbyggingar og viðgerðir á eldra húsnæði á svæðinu. Hér eru starfsmenn Norðurvíkur að laga glugga í húsnæði Félags eldri borgara á Húsavík og nágrennis sem hafa rekið öflugt félagsstarf í húsnæði félagsins að Garðarsbraut 44 á Húsavík. Þetta eru smiðirnir Vigfús Þór Leifsson varaformaður Þingiðnar og Bjarni Björgvinsson. Hjá þeim stendur heiðurskonan, Ingibjörg Gísladóttir, sem spjallaði við strákana á leið sinni í glæsilegt félagsheimili eldri borgara er nefnist Félagsheimilið Hlynur.

Bullandi uppgangur á norðursvæðinu

Fulltrúar Framsýnar fóru í vinnustaðaheimsóknir í síðustu viku í Kelduhverfi, Öxarfjörð og Raufarhöfn. Að venju var vel tekið á móti gestunum frá Framsýn en gríðarleg uppbygging á sér nú stað er viðkemur auknu fiskeldi hjá fyrirtækjunum Íslandsbleikju og Rifós en þau eru með starfsemi í Kelduhverfi og Öxarfirði. Framkvæmdirnar nema nokkrum milljörðum og hafa skapað mikla vinnu fyrir verktaka, iðnaðarmenn og almenna verkamenn á svæðinu. Þá kom fram í máli forsvarsmanna Rifós að fjölga þurfi starfsmönnum vegna uppbyggingar fyrirtækisins á Röndinni við Kópasker, fyrir eru um 15 starfsmenn hjá fyrirtækinu í Kelduhverfi en þeim verður fjölgað í um 20 starfsmenn. Þá nýtur verslun og önnur þjónusta góðs af framkvæmdunum sem hefur m.a. komið sér vel fyrir verslunina Skerjakollu á Kópaskeri. Þar hefur hópur starfsmanna á vegum verktaka verið í hádegismat.

Hér er ekki töluð vitleysan, nafnarnir Guðmundur Baldursson og Magnússon sem tóku stöðuna með formanni Framsýnar í Skerjakollu.

Það er full ástæða til að brosa yfir uppbyggingunni sem á sér stað austan Húsavíkur. Þetta eru þeir Brynjar Þór Ríkarðsson, Þráinn Þráinsson og Jakob Gunnar Hjaltalín stjórnarmaður í Framsýn en hann fór ásamt formanni Framsýnar, Aðalsteini Árna, í vinnustaðaheimsóknir í Norðursýsluna í síðustu viku.

Séð yfir athafnasvæði Rifós við Röndina á Kópaskeri. Þar er mikil uppbygging í gangi á vegum fyrirtækisins.

Hlynur í Garði var ánægður með lífið enda mikið að gera hjá verktakanum sem hann starfar hjá sem er Ístrukkur í Öxarfirði. Verktakafyrirtækið hefur komið að uppbygginu Rifós í Kelduhverfi og eins í Öxarfirði.

Tveir miklir meistarar, Guðmundur Héðinsson stórbóndi og Sigfús Hilmir Jónsson hestamaður með meiru. Félagarnir starfa hjá Rifós hf. og eru þátttakendur í þeirri miklu uppbyggingu sem á sér stað um þessar mundir á vegum fyrirtækisins.

Þessir tveir eru sjaldan orðlausir. Davíð Jónsson og Stefán Þór Hallgrímsson eru liðtækir og góðir verkmenn eru hér að ganga frá lögnum í gólf í nýju seiðaeldishúsi. Allt fiskeldi á vegum Rifós er að færast upp á land. Búið er að drepa allan eldisfisk úr Lóninu í Kelduhverfi, við tekur seiðaeldi í kvíum upp á landi.

Formaður Þingiðnar kallaður fyrir Byggðaráð

Formaður Þingiðnar, Jónas Kristjánsson, var kallaður fyrir Byggðaráð Norðurþings til að ræða stöðuna í atvinnumálum hjá iðnaðarmönnum ásamt framkvæmdastjóra félagsins. Fundurinn fór vel fram og skiptust menn á skoðunum. Í máli Jónasar kom fram að almennt er staðan mjög góð hjá iðnaðarmönnum sérstaklega þó hjá trésmiðum innan félagsins. Töluvert hefur verið um nýbyggingar og viðhaldsverkefni á svæðinu. Að sjálfsögðu munaði um stórar framkvæmdir á okkar mælikvarða eins og framkvæmdir Búfesti á Húsavík, nýja fjölbýlishúsið við Útgarð og framkvæmdir fiskeldisfyrirtækja í Kelduhverfi og Öxarfirði. Allt væru þetta mannfrek verkefni. Frekari uppbygging væri í farvatninu sem kæmi til með að skipta verulega miklu máli á næstu árum hvað byggingariðnaðinn varðaði s.s. bygging á nýju hjúkrunarheimili á Húsavík. Jafnframt væri til skoðunar að reisa húsnæði undir þaraverksmiðju, vonandi næði sú hugmynd fram að ganga. Þá kæmi til með að lifna yfir öðrum iðnaði þegar starfsemi PCC á Bakka færi aftur á stað með vorinu. Jónas sagði bjart yfir iðnaðarmönnum um þessar mundir enda mikið að gera og lítið sem ekkert atvinnuleysi meðal þeirra ólíkt öðrum atvinnugreinum.

Formaður Þingiðnar, Jónas Kristjánsson, átti góðan fund með Byggðaráði Norðurþings. Almennt er mikið að gera hjá iðnaðarmönnum á svæðinu og vöntun á iðnaðarmönnum í ákveðin störf.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu -Neysluhlé-

Vegna ábendinga sem borist hafa til Framsýnar frá starfsmönnum í ferðaþjónustu er rétt að hvetja fyrirtæki til að virða hvíldartímareglur sem gilda fyrir starfsmenn við dagleg störf. Neysluhlé í vaktavinnu skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukkutíma og skiptast eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnanda.

Skrifað undir frekara samstarf VÞ og Framsýnar

Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík og Verkalýðsfélag Þórshafnar hafa endurnýjað samstarfssamning um þjónustu við félagsmenn Verkalýðsfélags Þórshafnar. Aðilar hafa um margra ára skeið átt mjög gott samstarf um sameiginleg mál er varða starfsemi og rekstur stéttarfélaga og endurspeglast í endurnýjuðum samningi. Í samningnum er m.a. kveðið á um að samningsaðilar séu sammála um að vinna sameiginlega að málefnum félagsmanna, atvinnulífs og byggðarlagsins í heild sinni með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi.

Samningurinn miðast við að félagsmenn, fyrirtæki og stofnanir á félagssvæði Verkalýðsfélags Þórshafnar leiti til skrifstofu félagsins á Þórshöfn varðandi sín mál er tengjast starfsemi stéttarfélaga. Það er, áður en leitað er til Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík eftir frekari þjónustu. Í þeim tilvikum sem félagsmenn eða starfsmenn VÞ leita til Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík skulu starfsmenn stéttarfélaganna leitast við að veita viðkomandi aðilum viðunandi þjónustu. Það sama á við um fyrirtæki og stofnanir á félagssvæði VÞ sem leita til Skrifstofu stéttarfélaganna enda tengist fyrirspurnirnar starfsemi VÞ.

Með samningnum fá félagsmenn Verkalýðsfélag Þórshafnar aðgengi að lögmanni Framsýnar sem og kjörum félagsmanna Framsýnar á flugmiðum með Flugfélaginu Erni á flugleiðinni Reykjavík-Húsavík. Sama á við um önnur kjör s.s. vegna hótelgistinga/skoðunargjalda bifreiða sem Framsýn kann að semja um fyrir sína félagsmenn á hverjum tíma enda verði hægt að heimfæra slík kjör á félagsmenn VÞ. Þá skulu félagsmenn Verkalýðsfélags Þórshafnar hafa aðgengi að orlofsíbúðum til jafns við félagsmenn aðildarfélaga Skrifstofu stéttarfélaganna á orlofstímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Reglur þessar gilda ekki utan þess tímabils.

Samstarfssamningurinn hefur tekið gildi og greiðir Verkalýðsfélag Þórshafnar ákveðna þóknun fyrir veitta þjónustu til Skrifstofu stéttarfélaganna.

Fundað með framkvæmdastjóra SFS

Heiðrún Lind Marteinsdóttir framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi leit við á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þar hitti hún fyrir formann Framsýnar, Aðalsteinn Árna Baldursson. Til stóð að Jakob G. Hjaltalín formaður Sjómannadeildar félagsins tæki þátt í spjallinu við Heiðrúnu en hann átti ekki heimangengt. Fundurinn var vinsamlegur og fór vel fram og skiptust Heiðrún og Aðalsteinn á skoðunum um hagsmuni sjómanna og útgerða innan SFS. Umræður urðu um helstu baráttumál sjómanna og áherslur útgerðarmanna varðandi breytingar á núgildandi kjarasamningum sem hafa verið lausir frá því í desember 2019. Aðalsteinn sagði það óviðunandi með öllu að sjómenn væru búnir að vera samningslausir á annað ár. Taldi hann skyldu SFS og samtaka sjómanna að setja aukinn kraft í viðræðurnar. Sjómenn væru mjög óánægðir með stöðuna sem væri afar eðlilegt. Þá fór hann yfir helstu atriði úr kröfugerð sjómanna sem snúa meðal annars að því að jafna lífeyrisréttindi meðal launþega með því að útgerðir greiði sambærilegt mótframlag af sjómönnum í lífeyrissjóð og þekkist á almenna vinnumarkaðinum. Verðmyndunarmál, mönnunarmál sem og önnur hagsmunamál sjómanna fengu einnig góða umræðu á fundi Aðalsteins og Heiðrúnar.

Félagi, ert þú í ferðahug!

Skoðaðu þá endilega orlofsvef stéttarfélaganna sem er inn á heimasíðunni okkar, framsyn.is?
Ótrúlega góð tilboð í boði fyrir félagsmenn varðandi gistingu og aðra afþreyingu á Íslandi sumarið 2021.
Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Vöfflur í boði og unga fólkið heiðrað

Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar kom saman til fundar í byrjun mars ásamt stjórn Framsýnar-ung. Í tilefni af því að fundir á vegum stjórnar og trúnaðarráðs hafa legið niðri síðan í september 2020, það er „snertifundir", var ákveðið að bjóða upp á kaffi og vöfflur á fundinum. Undanfarna mánuði hafa fundirnir farið fram á netinu í gegnum teams/zoom vegna sóttvarnarreglna og fjöldatakmarkanna. Að sjálfsögðu urðu líflegar og málefnalegar umræður á fundinum. Til gamans má geta þess að tveimur ungum konum, þeim Sunnu og Elvu sem nýlega eignuðust börn fengu smá glaðning frá félögum sínum á fundinum en þær sitja báðar í stjórn Framsýnar-ung auk þess sem Elva er formaður Verslunarmannadeildar Framsýnar.

Veiga tendraði fram bestu vöfflur sem sögur fara af fyrir félaga sína í Framsýn.

Veist þú… nú er afsláttur
á flugi fyrir félagsmenn sem fljúga
með Icelandair milli landa
og Air Iceland Connect innanlands og erlendis.

Frekari upplýsingar eru á http://orlof.is/framsyn/

Sumarhús, íbúðir, hótel og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn-

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum, Framsýn, Þingiðn, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum upp á sameiginlega orlofskosti sumar og vetur. Flest orlofshúsin eru þó aðeins í útleigu yfir sumarið. Félagsmönnum stendur auk þess til boða orlofsíbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Þá er í boði ódýrt flug, tjaldstæðastyrkir og gistiávísanir á hótel og gistiheimili víða um land.

Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík

Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsófi er í stofu og tvær aukadýnur. Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 3

Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m2 orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Þvottavél er í orlofshúsinu. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Orlofshús á Einarsstöðum

Sumarhúsin að Einarsstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn. Stærð bústaðarins er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og koja yfir en í þriðja herberginu eru kojur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt á staðnum.
Sækja og greiða þarf línið hjá umsjónarmanni á Einarsstöðum.

Umsóknarfrestur er til 21. apríl

Leiguverð sumarið 2021

Líkt og undanfarin ár bjóða félögin upp á orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 29.000 á viku sumarið 2021. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshúsin eru í boði. Einnig er hægt að nálgast umsóknarblöð á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 21. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélögunum, þess í stað er leitast við að útvega félagsmönnum orlofshús á hverju ári sem tekur mið af framboðinu sem er á hverjum tíma hjá félögunum.

Flókalundur - Barðaströnd

Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir fegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Bjarkarsel - Flúðum

Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikið er af merktum gönguleiðum í nágrenningu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Illugastaðir Hús nr. 6

Í boði er nýlegt 48 m2 orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar. Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kojum. Í stofu er svefnsófi. Við húsið er góð verönd með nýjum heitum potti. Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug með heitum pottum.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi

Orlofshúsið er um 52 m2 að stærð með þremur svefnherberjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri koja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshús Öxarfirði

Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel búið með þrem svefnherberjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 1. júní til 1. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Sólheimar 23 Reykjavík

Íbúðin í Sólheimum er þriggja herbergja. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, annað er hjónaherbergi með hjónarúmi og hitt herbergið er með tveimur kojum með fjórum svefnstæðum.
Auk þess er barnarúm til staðar. Þá er tvíbreiður sófi í stofunni.

Furulundur 11e - Akureyri

Íbúðin er rúmgóð með þremur svefnherbergjum, það er hjónaherbergi og tveimur herbergjum með þremur rúmum og tveimur auka dýnum. Þá er barnarúm í íbúðinni.
Góð verönd er við íbúðina sem er endaíbúð í raðhúsi.

Orlofshús Eiðum

Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m2 orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Þorrasalir 1-3 í Kópavogi

Í boði eru fimm glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Þorrasölum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til 100 fm. Í íbúðunum eru tvo herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Orlofshúsið í Svignaskarði - Hús no. 5

Húsið er með þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi, baðherbergi og geymslu. Svefnpláss er fyrir 6 - 8 manns í rúmum, leirtau og búnaður fyrir a.m.k. 10 manns. Heitur pottur er við húsið og gasgrill fylgir. Gestum er heimilt að koma í húsið frá kl. 16:00 á komudegi og skila þeim hreingerðum fyrir kl. 12:00 á brottfarardegi. Föstudagar eru skiptidagar.

Gistiheimili Keflavíkur

Stéttarfélögin hafa samið við Gistiheimili Keflavíkur um ódýra gistingu fyrir félagsmenn sem ferðast milli landa. Gistiheimilið er í eigu sömu aðila og reka Hótel Keflavík.
Gestir þurfa að deila snyrtingu með öðrum gestum en tvö baðherbergi fylgja sex herbergjum. Innifalið í verðinu er einnig geymsla á bíl. Gistiheimilið er við Vatnsnesveg 9 í Keflavík, það er á móti Hótel Keflavík.
Innritun gesta á Gistiheimili Keflavíkur fer fram á Hótel Keflavík. Þar geta gestir einnig gengið að góðum morgunverði og annarri þjónustu á vegum hótelsins.

Alba gistiheimili – góður kostur

Við viljum benda á athyglisverðan kost fyrir félagsmenn sem eiga leið í styttri ferðir til Reykjavíkur sem er Alba gistiheimili. Það er vel staðsett að Eskihlíð 3 sem er á milli Miklubrautar og Bústaðavegar og því stutt frá flugvellinum. Hægt er að bóka einstaklingsherbergi og upp í fjögurra manna herbergi á mjög hóflegu verði. Sjá frekar inn á orlofssíðu Stéttarfélaganna.

Veiðikortið 2021

Veiðikortið 2021 stendur félagsmönnum stéttarfélaganna til boða á sérstöku vildarverði, eða 5.000 krónur. Greiða þarf fyrir veiðikortin á Skrifstofu stéttarfélaganna. Síðan munu þau berast félagsmönnum með pósti. Helstu upplýsingar um veiðikortið má nálgast á www.veidikortid.is.

Bed - Breakfast Keflavík

Stéttarfélögin eru með samning við Gistihús Keflavík/Bed-Brekfast um afslátt af gistingu fyrir félagsmenn. Auk þess niðurgreiða félögin hverja gistinótt um kr. 2.500,- fyrir hvern fullgildan félagsmann. Gistihús Keflavíkur er góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Boðið er upp á morgunverð frá klukkan 04:30 alla daga. Akstur til og frá Keflavíkurflugvelli innifalin í verði. Nánari upplýsingar á www.bbkeflavik.com

Orlofskostir á netinu

Félagsmenn sem vilja fræðast betur um þá orlofskosti sem eru í boði á vegum stéttarfélaganna geta farið inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Gisting á Hótel Keflavík

Félagsmönnum býðst gisting á Hótel Keflavík, sem er góður kostur fyrir þá sem eru að ferðast um Keflavíkurflugvöll. Morgunverður er veittur árla morguns fyrir gesti hótelsins sem þurfa að fara snemma í flug og er þeim síðan boðinn akstur á flugstöðina og geymsla á bílnum meðan dvalið er erlendis endurgjaldslaust. Nánari upplýsingar á www.hotelkeflavik.is

Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gistingu á farfuglaheimilum en þau eru 36 og staðsett um allt land. Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng kodda, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110. Gisti félagsmenn á farfuglaheimilum geta þeir framvísað reikningum fyrir gistingunni á Skrifstofu stéttarfélaganna. Gegn því færst endurgreiðsla að upphæð kr. 2.000 per nótt fyrir gistinguna.

Lausar vikur í orlofshúsum

Þegar búið verður að úthluta orlofshúsum til félagsmanna í apríl verður hægt að sjá hvaða vikur eru lausar vakni áhugi hjá þeim félagsmönnum sem sóttu ekki um fyrir tilsettan tíma að bregða sér í orlofshús í sumar.

Veruleg niðurgreiðsla

Þess má geta að félögin taka á leigu orlofshús víða um land til að koma til móts við þarfir félagsmanna. Ekki er óalgengt að félögin þurfi að greiða um 50.000 til 75.000 í leigu fyrir vikuna. Leiguverðið í sumar til félagsmanna verður kr. 29.000,-. Félagsmenn greiða því aðeins hluta að því sem það kostar að hafa húsin á leigu. Þannig niðurgreiða stéttarfélögin hverja viku niður fyrir félagsmenn um allt að 46.000 kr. per. viku.

Tjaldstæðastyrkur- Útilegukort

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar eða allt að kr. 25.000,-.
Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagsmaður hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 6 mánuði.

Afsláttarkjör á bílaleigubílum

Bílaleiga Húsavíkur
Garðarsbraut 66 • Húsavík
Símar 464 2500 & 892 3436

Stéttarfélögin eru með samning við Bílaleigu Húsavíkur um afsláttarkjör fyrir félagsmenn á bílaleigubílum fyrirtækisins í Reykjavík. Um er að ræða 15% afslátt frá listaverði. Stéttarfélögin og Bílaleiga Húsavíkur gerðu þennan samning til að auðvelda fólki sem nýtir sér flug frá Húsavík eða Akureyri að ferðast um höfuðborgarsvæðið í þægilegum bílum frá bílaleigunni. Þegar menn panta bíla hjá Bílaleigu Húsavíkur er nóg að þeir gefi upp að þeir séu félagsmenn í Framsýn, Þingiðn, Starfsmannafélagi Húsavíkur eða Verkalýðsfélagi Þórshafnar. Þá er þessi góði afsláttur í boði fyrir félagsmenn.

Orlofshús fyrir félagsmenn

Rétt er að vekja athygli á því að orlofshús stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. **Það þýðir að félagsmönnum er óheimilt með öllu að taka á leigu hús fyrir aðra en þá sjálfa.**

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afslætti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður en farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort.

Demantshringurinn kallar

-sumarferð stéttarfélaganna-

Stéttarfélögin bjóða félagsmönnum og gestum þeirra upp á magnaða sumarferð 2021. Sumarferðir stéttarfélaganna hafa fram að þessu notið töluverðra vinsælda. Nú er komið að því að fara Demantshringinn með rútu frá Húsavík. Reiknað er með að farið verði í ferðina um miðjan ágúst. Um er að ræða dagsferð þar sem náttúruperlur eins og Goðafoss, Mývatn, Dettifoss, Hólmatungur, Hljóðaklettar og Ásbyrgi verða skoðaðar undir leiðsögn. Þá verður boðið upp á veitingar á leiðinni og grillað á einhverjum góðum áningarstað. Frekari upplýsingar um dagsetningu ferðarinnar, fyrirkomulag og þátttökugjald verður í næsta Fréttabréfi stéttarfélaganna á vormánuðum.

Endalausir gistimöguleikar í boði

Fosshótel Reykjavík er einn af þeim fjölmörgu möguleikum sem eru í boði fyrir félagsmenn þurfi þeir á gistingu að halda á höfuðborgarsvæðinu.

Stéttarfélögin bjóða upp á ýmsa gistimöguleika fyrir félagsmenn, fyrir utan íbúðir félaganna, sem hægt er að skoða inn á orlofsvef stéttarfélagana undir miðar og kort. Meðal þeirra kosta sem eru í boði: Bed and Breakfast Keflavík, Hótel Keflavík, Alba gistiheimili, Fosshótel, Icelandair hótel, KEA og ýmsir aðrir kostir. Hvetjum við fólk til að kíkja inn á orlofsvefinn og skoða alla þá fjölmörgu gistimöguleika sem eru í boði fyrir félagsmenn og fjölskyldur.

Reykingar og húsdýr

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum. Brot á þessum reglum varða tafarlausri brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.

Orlofshús á Spáni

Til leigu fyrir félagsmenn

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa fengið aðgengi fyrir félagsmenn að tveggja herbergja íbúð í Alicante á Spáni. Um er að ræða íbúð á neðri hæð í litlu fjölbýli með nokkuð stóru útisvæði sem tilheyrir þessari íbúð eingöngu. Auk svefnherbergis er baðherbergi, rúmgóð stofa, eldhús og þvottahús með þvottavél. Í heildina eru svefnstæði fyrir fjóra í tvíbreiðu rúmi í herbergi og svefnsófa í stofunni. Í húsinu eru rúmföt og tuskur. Íbúðin er í lokuðum íbúðarkjarna með sér sundlaug og útisvæði. Frá flugvellinum í Alicante er um 40 km að íbúðinni. Auðvelt er að komast að henni frá flugvellinum með rútu, leigubíl eða bílaleigubíl. Margvísleg afþreying er á svæðinu, svo sem bátsferðir, skemmtisiglingar og fleira. Þá er í göngufæri verslunarkjarni þar sem finna má úrval verslana s.s. Primark og H&M. Einnig er stutt í matvöruverslanir s.s. Carrefour. Nokkur flugfélög fljúga til Alicante s.s. er WOW air, Icelandair og Dreamjet.

Verð á íbúð:

Sumartími frá 1. apríl - 30. september, vikuleiga kr. 56.000,- og hver dagur eftir það á kr. 7.000,-.

Vetrartími frá 1. október - 31. mars, vikuleiga kr. 42.000,- og hver dagur eftir það á kr. 5.000,-.

Frá þessu verði dragast til viðbótar sérkjör félagsmanna kr. 1.500 per. dag sem gist er í íbúðinni. Félagsmenn geta fengið íbúðina leigða í allt að 14 daga enda sé hún laus. Ekki er vitlaust að miða tímabil dvalar við hvenær ódýrast er að fljúga til Alicante.

Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna og á skrifstofu Verkalýðsfélags Þórshafnar.

Vegleg gjöf til Pólstjörnunnar

Nýlega færði Framsýn, Björgunarsveitinni Pólstjörnunni á Raufarhöfn að gjöf tvo björgunargalla að verðmæti kr. 250.000,-. Þannig vill stéttarfélagið koma til móts við Pólstjörnuna sem gegnir mikilvægu hlutverki, ekki síst á norðausturhorninu við björgun og aðra aðstoð við íbúa og aðra vegfarendur sem og sjófarendur enda eina björgunarskipið frá Siglufirði til Vopnafjarðar staðsett á Raufarhöfn. Með gjöfinni vil félagið jafnframt þakka björgunarsveitinni fyrir óeigingjörn störf í þágu samfélagsins hér norðan heiða.

Hörður Þorgeirsson formaður Pólstjörnunnar tók við gjöfinni fyrir hönd björgunarsveitarinnar. Það voru formennirnir Aðalsteinn Árni formaður Framsýnar og Jakob Gunnar Hjaltalín formaður Sjómannadeildar félagsins sem afhentu gjöfina. Hörður þakkaði kærlega fyrir gjöfina sem hún sagði koma að góðum notum í starfi sveitarinnar.

Þær gerast ekki betri enda einstakar konur í alla staði, Birna Björnsdóttir, Svava Árnadóttir og Nanna Steina Höskuldsdóttir en fulltrúar Framsýnar heilsuðu upp á þær á ferð sinni um Raufarhöfn og þáðu hjá þeim kaffi og bragðgóða tertu.

Stéttarfélögin niðurgreiða útilegukortin fyrir félagsmenn

Stofnanasamningur klár við FSH

Framsýn og Framhaldsskóli Húsavíkur hafa gengið frá nýjum stofnanasamningi sem tekur mið af nýrri launatöflu sem tók gildi um síðustu áramót og er hluti af aðalkjarasamningi aðila. Viðræður gengu afar vel og var samningurinn klár í lok desember. Vegna jólafría starfsmanna var gengið frá honum formlega í janúar með undirskrift. Á meðfylgjandi mynd má sjá Valgerði Gunnarsdóttur skólameistara og fulltrúa Framsýnar, þær Guðrúnu, Önnu og Alexíu, sem gengu endanlega frá samningnum með formanni Framsýnar, Aðalsteini Árna. Eftir frágangin á samningnum fékk formaður Framsýnar kynnisferð um skólahúsnæðið en töluverðar framkvæmdir hafa staðið yfir undanfarið við lagfæringar á skólanum bæði innan- sem utanhúss. Afar ánægjulegt er að sjá hvað búið er að gera mikið varðandi endurbætur á húsnæðinu. Öll aðstaða kennara og annarra starfsmanna skólans sem og nemenda er orðin til mikillar fyrirmyndar. Vonandi tekst að fjölga nemendum enn frekar á komandi skólaárum, ekki síst þar sem skólaumhverfið er orðið til mikillar fyrirmyndar og því ætti að vera eftirsóknarvert að stunda nám við FSH.

Formleg hátíðarhöld 1. maí falla niður

Vegna sóttvarnarreglna hafa stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum ákveðið að fella niður formleg hátíðarhöld 1. maí í Íþróttahöllinni á Húsavík, það er á baráttudegi verkafólks. Þess í stað skora stéttarfélögin á félagsmenn að njóta dagsins í faðmi fjölskyldunnar um leið og menn hafi það í huga að þau réttindi sem við búum við í dag komu ekki af sjálfu sér. Fyrir þeim börðust okkar forfeður sem við stöndum í þakkarskuld við um ókomna tíð. Að sjálfsögðu er svo skorað á alla þá sem það geta að flagga Íslenska fánanum á þessum merka degi í baráttusögu verkafólks og þeirra sem orðið hafa að berjast fyrir tilveru sinni um jöfnuð og réttlæti að leiðarljósi.

Samningslausir sjómenn á aðalfundi

Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar var haldinn í lok janúar. Til stóð að halda hann í lok desember en vegna sóttvarnarreglna og fjöldatakmarkana var ákveðið að fresta honum tímabundið fram í janúar. Fundurinn fór vel fram og urðu að venju líflegar umræður um málefni sjómanna og stöðuna í kjaraviðræðunum við útgerðarmenn. Engin gleði er innan sjómanna með það mikla virðingarleysi sem Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) sýnir samtökum sjómanna með því að ganga ekki frá nýjum kjarasamningi við sjómenn sem hafa verið samningslausir á annað ár. Stjórn deildarinnar var endurkjörin með einni undantekningu, Aðalgeir Sigurgeirsson gekk úr stjórn og í hans stað var Héðinn Jónasson kjörin í stjórn. Stjórnina skipa eftirtaldir fyrir starfsárið 2021:

Jakob Gunnar Hjaltalín formaður
Börkur Kjartansson varaformaður
Gunnar Sævarsson ritari
Aðalsteinn Steinþórsson meðstjórnandi
Héðinn Jónasson meðstjórnandi

Frekari upplýsingar um fundinn er að finna inn á heimasíðu stéttarfélaganna,framsyn.is

Hetjur hafsins, Börkur, Héðinn og Addi Steina mættu að sjálfsögðu á aðalfund Sjómannadeildar Framsýnar.

Jakob Gunnar Hjaltalín hefur verið farsæll formaður Sjómannadeildarinnar til margra ára. Hann gaf það út á fundinum að hann vildi sjá nýjan formann taka við á næsta aðalfundi deildarinnar sem er fyrirhugaður í lok þessa árs.

Íla sigraði í myndagátunni

Í Fréttabréfi stéttarfélaganna sem kom út fyrir jólin var myndagáta sem lesendum gafst tækifæri á að leysa. Mikill fjöldi lesenda skilaði inn lausnum á gátunni. Dregið var úr réttum lausnum í janúar og sú sem varð hlutskörpust var Oddfríður Dögg Reynisdóttir eða Íla eins og hún er kölluð og kennd við Skóbúð Húsavíkur. Það var Gunnhildur Gunnsteinsdóttir starfsmaður Sparisjóðs Suður- Þingeyinga sem var fengin til að draga þann heppna út.

Það var til mikils að vinna enda vegleg verðlaun í boði. Við óskum Ílu til hamingju með sigurinn í myndagátunni.

Framsýn kallar eftir aðgerðum

Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar kom saman á dögunum og ályktaði um stöðu lágtekjufólks. Félagið vill að tekið sé á vanda þessa hóps með beinum aðgerðum og það strax.

„Framsýn stéttarfélag krefst þess að stjórnvöld grípi þegar í stað til tímabundinna aðgerða til að bæta kjör atvinnuleitenda, jafnframt því að auka stuðning við lágtekjufólk til lengri tíma. Verkalýðshreyfingin hefur kallað eftir auknum stuðningi við atvinnuleitendur og að komið verði til móts við lágtekjufólk í landinu með sértækum aðgerðum, **bæði karla og konur**. *Í dag eru lægstu laun samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands kr. 331.735,- á mánuði, sem er langt undir öllum framfærsluviðmiðum. Að mati Framsýnar á það að vera eitt af forgangsmálum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að bæta stöðu þessa hóps s.s. með hækkun lægstu launa og hækkunum á barnabótum, vaxtabótum og húsnæðisbótum. Þá verði tímabil atvinnuleysisbóta tímabundið lengt og grunnatvinnuleysisbætur hækkaðar. Framsýn kallar jafnframt eftir auknum framlögum til byggingar leiguhúsnæðis í almenna íbúðakerfinu og að Bjarg íbúðafélag horfi til þess að byggja eða fjárfesta í íbúðum sem víðast um landið í stað þess að horfa nær eingöngu á suðvesturhornið. Þörfin fyrir ódýrt og öruggt íbúðarhúsnæði er til staðar víða um land. Við því þarf að bregðast með aðkomu stjórnvalda, fjármálastofnana og verkalýðshreyfingarinnar í gegnum Bjarg íbúðarfélag, sem ætlað er að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði sem eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eða BSRB, aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu, án hagnaðarmarkmiða."*

Framkvæmdastjóri GPG leit við í heimsókn

Gunnar Gíslason framkvæmdarstjóri sjávarútvegsfyrirtækisins GPG Seafood á Húsavík, heilsaði upp á starfsmenn Framsýnar á dögunum. Hann tók við sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins 1. september af Páli Kristjánssyni. Gunnar starfaði áður á fjármálamarkaði við fjármögnun sjávarútvegsfyrirtækja bæði á Íslandi og erlendis. Þá hefur hann einnig starfað fyrir Samskip í Bremen og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, einnig þekkt sem Icelandic Group, við sölu sjávarafurða. GPG gerir út fjóra báta og eru áherslurnar í framleiðslunni saltfiskvinnsla, fiskþurrkun, hrognavinnsla og frysting uppsjávarfisks. Félagið er í eigu Gunnlaugs Karls Hreinssonar sem jafnframt er stjórnarformaður félagsins. GPG Seafood/GPG-Fiskverkun er með öflugri fyrirtækjum á félagssvæði Framsýnar. Eins og áður hefur komið fram hefur fyrirtækið nýlega fjárfest í tveimur nýjum og öflugum fiskiskipum sem eru væntanleg norður til Húsavíkur/Raufarhafnar á næstu mánuðum. Gunnar lagði áherslu á að fyrirtækið vildi eiga gott samstarf við Framsýn auk þess sem hann fór yfir helstu áherslur fyrirtækisins í rekstri og starfsmannamálum. Þess má geta að Framsýn hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við stjórnendur GPG á hverjum tíma.

Gunnar Gíslason framkvæmdarstjóri sjávarútvegsfyrirtækisins GPG Seafood á Húsavík og Aðalsteinn Árni tóku umræðu um atvinnumál í heimsókn Gunnars til stéttarfélaganna.

Vel varðir starfsmenn

Þessi frábæru drengir starfa á Húsavíkurflugvelli, þetta eru þeir Stefano Del Negro og Ásmundur Ýmir Þráinsson.

Forsetateymi ASÍ fundaði með stjórnum Þingiðnar, Framsýnar og Framsýnar-ung á dögunum. Fundurinn fór vel fram og skiptust menn á skoðunum um málefni verkalýðshreyfingarinnar.

Forsetateymi ASÍ fundaði á Húsavík

Það var öflugt lið sem kom til fundar við stjórnir Framsýnar og Þingiðnar á Húsavík. Stjórn Framsýnar-ung tók einnig þátt í fundinum. Forsetateymi ASÍ ásamt framkvæmdastjóra sambandsins Höllu Gunnarsdóttur litu við en þau eru á hringferð um landið. Tilgangur ferðarinnar er að funda með stjórnum aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands og heyra í þeim hljóðið og hvað brennur helst á þeim varðandi það sem betur má fara í starfi sambandsins. Á fundinum skiptumst fundarmenn á skoðunum um málefni Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar almennt auk þess sem starfsemi stéttarfélaga var til umræðu sem og atvinnuástandið sem er verulega slæmt um þessar mundir.

Fulltrúar Framsýnar og Þingiðnar kölluðu eftir meiri skilningi á stöðu félagsmanna innan stéttarfélaga á landsbyggðinni. Eðlilegt væri að ASÍ beitti sér fyrir meiri jöfnuði burt séð frá búsetu. Meðal annars var komið inn á þann mikla kostnað fólks sem fylgir því að sækja sér læknishjálp eða menntun fjarri heimabyggð, ekki síst fyrir láglaunafólk á landsbyggðinni.

Þá kom fram gagnrýni á Bjarg sem er íbúðafélag stofnað af ASÍ og BSRB. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd, "Almene boliger". Leiðarljós félagsins er að veita leigutökum öruggt húsnæði til langs tíma. Fulltrúar Framsýnar og Þingiðnar komu þeim skilaboðum á framfæri að þeir vildu sjá Bjarg koma til móts við þarfir fólks sem víðast um landið, ekki bara nánast á höfuðborgarsvæðinu. Meðan svo væri stæði Bjarg ekki undir nafni sem kostur fyrir tekjulágar fjölskyldur að eignast öruggt húsaskjól.

Kallað var eftir því að öll störf á vegum ASÍ væru auglýst laus til umsóknar en óánægju hefur gætt innan hreyfingarinnar með að svo hafi ekki verið í öllum tilvikum.

Umræður urðu um síðasta þing ASÍ þar sem sú breyting varð á að ekki var lengur pláss fyrir forseta af landsbyggðinni eins og sátt hefur verið um fram að þessu. Núverandi forsetar ASÍ koma allir af höfuðborgarsvæðinu en þeim var fjölgað um einn á síðasta þingi sambandsins, það er varaforsetum sem eftir samþykktar breytingar eru þrír. Framsýn hefur haldið því fram að það sé óásættanlegt með öllu, sjónarmið launþega á landsbyggðinni verði þar með undir í umræðunni, ekki síst varðandi stefnumótun ASÍ í stórum og þýðingarmiklum málum.

Þá töldu fulltrúar Framsýnar rétt að taka upp umræðu um launakjör annars vegar hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga og hins vegar á almenna vinnumarkaðinum. Fyrir liggur að launakjör fólks á almenna vinnumarkaðinum hafa dregist verulega aftur úr launakjörum starfsmanna hjá hinu opinbera. Fulltrúar Framsýnar komu þeim ábendingum á framfæri við forsetateymið að þetta væri varhugaverð þróun. Mikilvægt væri að gera átak í að bæta kjör starfsmanna á almenna vinnumarkaðinum.

Fulltrúar Framsýnar komu því skýrt á framfæri við forsetateymið að félagið legðist alfarið gegn því að endurvekja SALEK-samkomulagið í formi Grænbókar sem stjórnvöld hafa lagt mikið upp úr að nái fram að ganga. Nefnd um gerð grænbókar um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál var sett á laggirnar í nóvember í fyrra og ætlað að skila tillögum sínum til forsætisráðherra í apríl. Framsýn hefur verið afar gagnrýnin á SALEK-samkomulagið. SALEK er norrænt vinnumarkaðsmódel og er skammstöfun fyrir samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Verði SALEK að veruleika dregur það úr vægi félagsmanna stéttarfélaga að hafa áhrif á sín mál er viðkemur kjarabaráttu sem er andstætt þeim reglum sem hafa gilt á íslenskum vinnumarkaði fram að þessu. Eðlilega hugnast Framsýn ekki þess vegferð í nafni SALEK að draga úr vægi launamanna að hafa áhrif á sín mál, reyndar eru skiptar skoðanir um málið innan hreyfingarinnar.

Í heildina var fundurinn góður og þess er vænst að forsetateymið fylgi eftir þeim áherslum sem fram komu á fundinum.

Geggjuð félagsferð í boði

Stéttarfélögin standa fyrir félagsferð í Flatey á Skjálfanda í haust. Farið verður í ferðina um miðjan ágúst. Um er að ræða dagsferð á laugardegi. Eins og kunnugt er þá er Flatey stærsta eyjan á Skjálfandaflóa við Norðurströnd Íslands. Eyjan liggur aðeins um 2,5 kílómetra frá landi við Flateyjardal. Í Flatey er mikið fuglalíf og góð fiskimið allt í kringum eyjuna. Flatey er tilvalinn staður fyrir fuglaáhugafólk og ævintýri líkast að koma þangað á sumrin. Byggð er sunnan á eynni og auk íbúðarhúsa eru þar samkomuhús, skóli, viti og kirkja. Árið 1942, bjuggu 120 manns á Flatey en síðan 1967 hefur engin verið með fasta búsetu á eynni.

Félagsmönnum stéttarfélaganna stendur til boða að upplifa paradís Skjálfandaflóa í allri sinni dýrð, með einstaka náttúru og ríku fuglalífi. Boðið verður upp á skoðunarferð um eyjuna undir leiðsögn auk þess sem grillað verður fyrir gestina í boði stéttarfélaganna. Ferðin verður betur auglýst í næsta Fréttabréfi stéttarfélaganna sem er væntanlegt í maí.

Ragnar Þór endurkjörinn formaður VR

Ragnar Þór Ingólfsson kom ásamt forsetateymi ASÍ til fundar við stjórnir Þingiðnar og Framsýnar á Húsavík. Við það tækifæri færði formaður Framsýnar Ragnari Þór blómvönd frá félaginu en hann var nýlega endurkjörinn sem formaður VR til næstu tveggja ára eftir harða kosningabaráttu við Helgu Guðrúnu Jónasdóttir. Svo fór að Ragnar sigraði með miklum yfirburðum. Eftir að Ragnar Þór tók við sem formaður VR fyrir nokkrum árum hafa félögin, Framsýn og VR, átt mjög gott samstarf um málefni launafólks.

Skrifað undir stofnanasamning við HSN

Í lok janúar undirrituðu stéttarfélögin á Norðurlandi innan Starfsgreinasambands Íslands og Heilbrigðisstofnun Norðurlands undir nýjan Stofnanasamning sem er hluti af kjarasamningi aðila. Samningurinn sem gildir frá 1. janúar 2021 nær til almennra starfsmanna hjá stofnuninni, það er frá Þórshöfn á Blönduós. Meðal þeirra sem falla undir samninginn eru félagsmenn Framsýnar. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Starfsgreinasambands Íslands hins vegar frá 6. mars 2020.

Á tímum COVID fara flestir samningafundir fram á netinu. Hér má sjá samninganefndir HSN og stéttarfélaganna að störfum.

Endursamið við Íslandsbanka

Stéttarfélögin hafa undanfarið unnið að því að endurskoða vaxtakjör á fjármunum félaganna hjá þeim fjármálastofnunum sem stéttarfélögin hafa verið í viðskiptum við, það er hjá Íslandsbanka og Sparisjóði Suður Þingeyinga. Á dögunum var undirritaður samningur við Íslandsbanka um áframhaldandi viðskipti og þá eru viðræður við Sparisjóðinn komnar langt á veg. Ekki er ólíklegt að aðilar skrifi undir samning í næstu viku en viðræður hafa gengið vel og eru á lokastigi.

Margrét Hólm Valsdóttir útibússtjóri Íslandsbanka á Húsavík er hér með fjármálastjóra stéttarfélaganna Elísabetu og Aðalsteini Árna formanni Framsýnar og forstöðumanni stéttarfélaganna sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna eftir undirskrift samningsins.

Sungið og sprellað

Að venju var Öskudagurinn haldinn hátíðlegur um land allt. Á Húsavík fór hann vel fram í góðu veðri og fjölmenntu börn, unglingar og fullorðnir um bæinn til að syngja fyrir starfsmenn fyrirtækja. Söngfuglarnir fóru ekki tómhentir heim þar sem þeim var boðið upp á mæru og ýmislegt annað góðgæti fyrir sönginn. Tæplega þrjú hundruð gestir lögðu leið sína á Skrifstofu stéttarfélaganna og sungu fyrir starfsmenn sem tóku gestunum afar vel og þökkuðu þeim fyrir komuna og fallegan söng með mæru í poka og endurskinsmerki.

Heilsað upp á starfsmenn Ernis

Á dögunum færðu stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum starfsmönnum Flugfélagsins Ernis smá glaðning, það er konfekt eins og það gerist best. Stéttarfélögin hafa í gegnum tíðina átt mjög gott samstarf við stjórnendur flugfélagsins varðandi flugsamgöngur milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Samkomulagið hefur gert það að verkum að stéttarfélögin hafa getað boðið félagsmönnum upp á ódýr flugfargjöld á flugleiðinni Reykjavík-Húsavík. Vonandi verður svo áfram á komandi árum enda afar mikilvægt að öruggar flugsamgöngur séu milli Húsavíkur og Reykjavíkur.

Gunna og Lilja klikka ekki enda báðar öflugar konur sem taka ávallt vel á móti farþegum á vegum Flugfélagsins Ernis á Reykjavíkurflugvelli.

Trúnaðarmannanámskeið

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Framsýn leggur mikið upp úr því að vera með öfluga trúnaðarmenn á vinnustöðum og í dag eru starfandi á fjórða tug trúnaðarmanna á vinnustöðum á félagssvæðinu. Á vinnustöðum þar sem starfandi eru fleiri en fimm starfsmenn ber að kjósa trúnaðarmann. Rétt er að hvetja þá vinnustaði sem ekki hafa þegar kosið sér trúnaðarmann að gera það og tilkynna það síðan til Skrifstofu stéttarfélaganna. Til að efla trúnaðarmenn í starfi stendur þeim til boða að fara á trúnaðarmannanámskeið. Næsta námskeið, sem er tveggja daga námskeið, verður haldið 19. til 20. apríl á Húsavík. Námskeiðið er trúnaðarmönnum að kostnaðarlausu auk þess sem þeir halda launum meðan þeir sitja námskeiðið. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Á síðasta stjórnarfundi Framsýnar var gengið frá tveimur nýjum trúnaðarmönnum, annars vegar fyrir starfsmenn Olís á Húsavík og hins vegar fyrir áhöfnina á Pálínu Þórunni GK 49.

Færðu gestunum glaðning úr heimahéraði

Þegar forsetar ASÍ voru á ferðinni á Húsavík í mars færði Framsýn þeim landbúnaðarvörur að gjöf úr héraðinu, það er frá Fjallalambi og Hveravöllum í Reykjahverfi. Með gjöfinni fylgdi hvatning til Alþýðusambandsins að standa vörð um íslenskan landbúnað, ekki síst þar sem fjöldi félagsmanna aðildarfélaga sambandsins starfar við landbúnað á Íslandi.

Fræðsla fyrir alla!

Á fræðsluvef Íslandsbanka finnur þú áhugaverð myndbönd, fræðandi greinar, góð ráð og upplýsingar um fræðslufundi

islandsbanki.is/fraedsla